Ed. **523. Breytingartillögur** [157. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 1. mgr. komi: samkvæmt tillögum.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 1. mgr. komi: samkvæmt tillögum.
   b. 4. mgr. orðist svo:

      Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Enn fremur skal dómnefnd skipa umsækjendum í röð eftir hæfni. Álitsgerð dómnefndar skal skila í hendur forseta hlutaðeigandi háskóladeildar, og lætur deildin uppi rökstutt álit sitt á því, hvern umsækjanda hún telur hæfastan. Engan má skipa prófessor, nema meiri hluti dómnefndar hafi talið hann hæfan til að gegna embættinu. Nú er meiri hluti atkvæðisbærra deildarmanna sammála um að leggja til, að tiltekinn umsækjandi, sem dómnefnd hefur einróma talið hæfastan, verði skipaður í embætti, og er þá skylt að skipa hann.